


DUNKÁ Í HÖRÐUDALSHREPP  
FISKRÆKTAR- OG FISKELDISMÖGULEIKAR

SIGURÐUR MÁR EINARSSON



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

BORGARNESI, desember 1987

VMST-V/87023

Eintak bókasafns.

Veiðimálastofnunin í Borgarnesi.

VMST-V/87023

DUNKA I HÖRÐUDALSHREPP  
FISKRÆKTAR- OG FISKELDISMOGULEIKAR

1. INNGANGUR

Sumarið 1987 var gerð yfirgripsmikil athugun á möguleikum til fiskræktar og fiskeldis í Dalasýslu. Frumkvæði að þessari athugun kom þá af hálfu Atvinnumálanefndar Dalasýslu sem sá um að fjármagna þessa rannsókn. Í lok júlí var Dunká í Hörðudalshrepp athuguð í þessu augnamiði. Ekki var gerð ýtarleg fiskifræðileg athugun á ánni þar sem athugun á Dunká var einungis liður í mun stærra verkefni og ekki tími til ýtarlegra athugana á hverjum stað. Engin athugun á ánni hefur áður verið gerð. Hér verður greint frá helstu niðurstöðum sem komu fram í þessari athugun.

2. STADHÆTTIR

Dunká tilheyrir Hörðudalshreppi þótt landfræðilega geti áin talist til Skógarstrandar (Mynd 1). Áin er hrein dragá, fremur lítil að vatnsmagni og verður afar lítil í þurrkum eins og reyndar er vandamál í vatnsbúskap vatnsfalla á þessu landsvæði.

Áin er fiskgeng um 4.5 km að Hestfossi og fellur áin í bröndu gljúfri nær alla þessa leið. Neðst í ánni er stórt sjávarlón (Mynd 1) og er afrennsli úr þessu sjávarlóni á tveimur stöðum.


Dunká var til skamms tíma nær hrein bleikjuá en á síðari árum hefur lax náð kjölfestu í ánni í kjölfar fiskræktar. Upplýsingar um ræktun árinna fyrir 1971 liggja ekki fyrir, en árin 1971-1983 var alls sleppt 8371 sumaröldum laxaseiðum og 13535 sjóqönguseiðum í ána (Tafla 1). Seiðin á þessu tímabili voru öll af Kollafjarðarstofni.

Skýrslur um laxveiði í ánni liggja fyrir frá 1976 og árin 1976-1986 reyndist meðalveiði í ánni vera 102 laxar og sveiflaðist frá 58-142 laxa á þessu tímabili (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987). Nú eru leyfðar 2 standir í ánni, en þær munu ekki að fullu nýttar.

3. ADFERDIR

Stutt athugun var gerð á botngerð og straumlaci árinna, en þessir bættir eru einna mikilvægastir er uppeldis- og hrygningarskilyrði eru höfð í huga. Grýtt brot í ánum eru þannig bestu uppvaxtarsvæði ána en þar er mesta skjólið og mesta fæðan til staðar. Lygn svæði með fingurum botnenum henta mun síður til uppeldis. Fiskgengi hlutinn var eingöngu athugaður að þessu sinni.

MYND 1:  
VATNAKERFI DUNKAR.  
RAFVEIÐISTAÐIR SYNDIR MED NUMERUM.



Seiðarannsóknir voru gerðar á tveim stöðum í ánni með rafmagnsveiðum en á þann hátt fæst mat á tegundasamsetningu, þéttleika og vexti seiða og eru þannig nauðsynlegar til að meta lífsskilyrði fyrir lax í ánum. Staðsetning veiðistaða er sýnd á mynd 1.

Sjávarlónið neðst í vatnakerfinu var einnig athugað með tilliti til skilyrða til fiskræktar og fiskeldis.

#### 4. NIDURSTODUR

##### 4.1. UPELDIS OG HRYGNINGARSKILYRÐI

Fiskgengi hlutinn er víðast hvar grýttur og starumharður og hentar því laxaseiðum hvað uppeldisskilyrði varðar. Á efsta hluta árinna virðist fremur lítill um hentuga hrygningarstaði, en mun nánar þarf þó að athuga ána til að ganga úr skugga hvort þetta atriði hamli valdi vannýtingu árinna á þessum hluta. Ófiskgengi hlutinn var ekki athugaður, en að sögn kunnugra (Einar Hannesson, munnlegar upplýsingar) er áin lygnari og meira um fíngerðari mól en á fiskgenga hlutanum en þó séu vel grýttir kaflar inn á milli.

Hér er áætlað að flatarmál uppeldissvæða sé um 54000 m<sup>2</sup> á fiskgenga hlutanum en 16000 m<sup>2</sup> á þeim ófiskgenga eða í heild um 72000 m<sup>2</sup>.

##### 4.2. ÞÉTTLEIKI OG VOXTUR LAXASEIÐA

Á veiðistöðum veiddust eingöngu laxaseiði og virðist laxinn því vera nær einráður í ánni þar sem hvorki varð vart við bleikju né urriða.

Einungis var farin ein veiðiyfirferð á hvorum veiðistað, en þá veiðist aðeins hluti þeirra seiða sem fyrir eru á svæðinu. Þéttleiki í einni yfirferð reyndist svipaður á þessum 2 stöðum frá 12.9 - 13.5 seiði á 100 m<sup>2</sup> (Tafla 2). Má áætla að heildarþéttleiki sé um 40 seiði á 100 m<sup>2</sup> sem er svipað og í ám í nágrenninu. Allir árgangar fundust og virðist því hrygning hafa verið árviss og tekist vel hin síðustu ár.


Vöxtur laxaseiðanna bendir til að áin framleiði sjóönguseiði mest á 4 árum sem er svipað og gerist í ám á þessu landsvæði.

#### 5. ALYKTANIR

##### 5.1. STANGVEIÐI

Í dag er óhætt að fullyrða að stangveiði sé arðbærasta nýtingaraðferðin á laxi. Sem dæmi má nefna að meðalverð á stangveiddum laxi í íslenskum laxveiðiám var um 5300 kr árið 1985 fært upp á verðlag dagsins í dag. Spurningin er sú hvort og hvernig sé hægt að auka verðmæti Dunkár sem stangveiðiár þar sem slík starfsemi er líklegust til að skila arðsemi samkvæmt fyrrnefndri staðrevnd um laxaverð.

MYND 2:  
LENGDARDREIFING OG ALDUR LAXASEIDA I  
DUNKA 28. JÚLÍ 1987.



Meðalveiði í Dunká var 102 laxar árin 1976 - 1986. Tvær stangir eru leyfðar í ánni í dag en þær munu að vísu ekki vera að fullu nýttar. Fjöldi veiðistaða er í ánni og ef laxgengi væri að meðaltali meiri í ánni, ætti að vera auðvelt að bæta þriðju stönginni við. Skynsamlegt markmið er að auka meðalveiði um helming eða í 200 laxa að meðaltali sem dæfi um 0.75 laxa á stöng að meðaltali.

Tvær leiðir eru vænlegastar til að auka meðalveiði á laxi í ánni. Sú fyrri er að nýta ófiskgenga hlutann til seiða-uppeldis og þá með sleppingu sumaralinna laxaseiða. Áætlað er að ófiskgengi hlutinn tæki við um 5000 seiðum árlega og áætlaðar endurheimtur í veiði yrðu um 1% eða 50 laxar árlega. Afgangur yrði að koma með sleppingu gönguseiða og er miðað við að um 5000 gönguseiðum yrði sleppt árlega og áætlað að um 2% sleppinganna veiddist á stöng. Síðan er hér gert ráð fyrir að áin sjálf gefi af sér um 50 laxa í veiði eða í heild um 200 laxa á ári.

## 5.2. HAFBEIT

Dunká hefur einnig góð skilyrði til hafbeitar á laxi með slátrun á matfisk í huga, en slíkt gerist með sleppingu gönguseiða frá hafbeitaraðstöðu og lax síðan tekinn í gildru til slátrunar er hann snýr til baka á sleppistað 1-2 árum síðar. Þessa gerð hafbeitar væri hætt að stunda ásamt því að áin væri einnig leigð út til stangveiða.

Góð aðstaða er til sleppinga á gönguseiðum í sjávarlóninu. Eins og nú háttar fellur lóninu á tveimur stöðum og er æskilegra að öðru útfallinu yrði lokað og þá því vestara. Einnig þarf að dýpka lónið að hluta. Seiðum yrði síðan komið fyrir í aðlögun í flotkvíum 2-4 vikur fyrir sleppingu og einnig þyrfti að útbúa móttökubúnað á kynbroška laxi.

## 6. LOKAORÐ

Hér hefur verið stiklað á stóru um þá möguleika sem þetta vatnakerfi hefur varðandi fiskrækt og fiskeldi. Ljóst er að áin hentar vel bæði sem stangveiðiá og til hafbeitar og ætti að vera unnt að auka verulega tekjur af ánni. Ekki hefur hér verið fjallað ýtarlega um framkvæmd fiskræktar og hafbeitar á svæðinu enda hér eingöngu verið að benda á þá möguleika sem fyrir hendi eru. Ef af hafbeit yrði í þessu vatnakerfi þarf að fjalla ýtarlegar um hvernig framkvæmd hennar yrði t.d hvað varðar val á laxastofni, fjárhagslegar hliðar og arðsemi slíks fyrirtækis.

## TAFLA 1

## SLEPPINGAR LAXASEIDA I DUNKA 1971-1981

AR	SJOGONGUSEIDI	SUMARALIN SEIDI	STOFN
1971	800		Kollafjörður
1972	800		- " -
1973	800		- " -
1974	-		
1975	-		
1976	3000	5500	
1977	300	2035	Kollafjörður
1978	300	2000	- " -
1979	800	2000	- " -
1980	800	2000	- " -
1981	771		- " -
	8371	13535	

## TAFLA 2

BETTLEIKI (FJ. I EINNI YFIRFERÐ PER 100M<sup>2</sup>)  
 OG VOXTUR LAXASEIDA I DUNKA 25. JUNI 1987  
 (ML=Meðallengd, SD=Staðalfrávik, N=Fjöldi)

STAÐUR	ALDUR	FJÖLDI	ML	SD	N
1.	0+	6.2	2.6	0.14	22
	1+	4.5	5.7	0.40	14
	2+	1.6	8.6	0.53	5
	3+	0.7	10.9	0.49	2
	ALLS	12.9			
2.	0+	-	-	-	-
	1+	2.5	5.50	0.20	3
	2+	2.5	6.70	0.38	7
	3+	8.5	8.54	1.14	17
	ALLS	13.5			